

# EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR ehf Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	7.11.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	GMR ehf	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Tangavegi 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5406101930	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Arthur Garðar Guðmundsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðjón Jónsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Verksmiðjan hóf starfsemi í byrjun september og var þetta fyrsta reglubundna eftirlitið. Verksmiðjan starfar samkvæmt undanþágu umhverfis og auðlindaráðuneytisins (JAR) frá starfsleyfi, frá 25.júní 2013. Samkvæmt undanþágunni skal rekstraraðili fara eftir ákvæðum starfsleyfistillögu sem kynnt var á opnum kynningarfundum þann 4.september 2013.

Í eftirlitinu komu fram 5 frávík frá tillögu að starfsleyfi varðandi frágang lóðar og olúgeymslna, móttöku og geymslu hráefna, gagnaskil um hávaðahönnun og að ábyrgðartrygging lá ekki fyrir.

Auk þess var gerð athugasemd við að ekki var tilkynnt formlega um gangsetningu verksmiðjunnar.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir undanþágu frá starfsleyfi og þau skilyrði sem verksmiðjunni er gert að uppfylla samkvæmt henni.

Tengiliður fyrirtækisins við Umhverfisstofnun er Arthur Garðar Guðmundsson.

Upplýsingar um hávaðahönnun sem samkvæmt undanþágu UAR frá starfsleyfi átti að skila fyrir 1.ágúst sl. hefur ekki borist Umhverfisstofnun. Í eftirlitinu var eftirlitsaðila afhent staðfesting á að GMR hafi óskað eftir ráðgjöf vegna hljóðvarna og hávaðahönnun bygginga.

Útblástursmælingar eru í undirbúningi og hefur rekstraraðili fengið tilboð í framkvæmdina. Áætlað er að þær verði framkvæmdar í nóvember.

Í eftirlitinu kom fram að ábyrgðartrygging lá ekki fyrir.

Farið var yfir úrgangsmál og úrgangsskráningar. Í eftirlitinu var eftirlitsaðila afhent skráningarblað yfir þann úrgang sem fellur til við framleiðsluna. Helsti úrgangurinn sem fellur til er stálgjall, síuhúsryk, sandur og múrsteinar. Úrgangsolía sem fellur til er fyrst og fremst mótaolía frá steypumótum auk olíu frá tækjum. Á svæðinu er einnig 200L tankur fyrir díselolíu. Olíuþró er við rafspenna en ekki eru aðrar olíugildirur í verksmiðjunni eða á verksmiðjulóðinni. Íslenska gámafélagið tekur á móti úrgangi frá verksmiðjunni. Verið er að leita leiða til að flytja út síuryk en er því nú safnað saman á verksmiðjulóðinni í stórsekkjum.

Þá var rætt um frágang lóðar.

Verið er að vinna að teikningum að frágangi lóðar sem bíða samþykktar áður en malbikunarframkvæmdir geta hafist.

Á lóðinni er töluvert magn af hráefni sem safnast hefur upp utandyra en í starfsleyfistillögu kemur fram að allt hráefni skuli geymt í yfirbyggðri hráefnisgeymslu. Auk þess er töluvert magn af straumteinum á lóðinni sem innheldur skánir af mengandi efnum sem samkvæmt starfsleyfistillögu skal varið fyrir raka. Í eftirlitinu kom fram að unnið væri að því að koma hráefninu inn í hráefnisgeymsluna og straumteinunum í viðeigandi gáma. Einnig var töluvert af máluðu stáli á lóðinni og stálrorum fylltum af steypu.

Ein kvörtun hefur borist stofnuninni um dökkan reyk sem leggi frá verksmiðjunni í upphafi ofnkeyrslu.

Afsog er í rjáfri verksmiðjunnar og af bræðsluofninum sem leitt er í sitt hvort hreinsivirkið með pokasium. Mikilvægt er að niðurstöður útblástursmælinga liggi fyrir sem fyrst og að tryggt sé að mælingarnar nái yfir upphaf ofnkeyrslunar til að leggja mat á efnasamsetningu útblástursloftsins.

Rætt var um að GMR skyldi taka þátt í samstarfi um umhverfisvöktun vegna mengandi starfsemi á Grundartanga.

### Frávík frá

Grein 2.1 í tillögu að starfsleyfi

### Lýsing á frávíki

Hráefni skal vera ómálað og að mestu laust við plast, olíu, sand, gúmmí, sölt og önnur efni sem valdið geta mengun. Töluvert magn af máluðum málmum og steypufylltum rörum var á lóð fyrirtækisins þegar eftirlitið fór fram.

- Grein 2.2 í tillögu að starfsleyfi Hræfni geymt utandyra sem samkvæmt tillögu að starfsleyfi skal geyma í yfirbyggðri hræfnispró. Auk þess voru straumteinar með skánum sem valdið geta mengun geymdir utandyra sem samkvæmt tillögu að starfsleyfi skal verja fyrir vatni, þannig að komið sé í veg fyrir að hættuleg efni myndist. Óviðkomandi skulu ekki hafa aðgengi að hræfna og vörugeymslum en í eftirliti kom fram að lóðin er ekki girt af og ekki aðgangsstýrð.
10. skilyrði í undanþágu UAR frá starfsleyfi Rekstraraðili skal sýna fram á góða hávaðahönnun bygginga og skila upplýsingum um hávaðahönnun fyrir 1. ágúst 2013. Upplýsingar um hávaðahönnun hafa ekki borist stofnuninni.
- Grein 2.9 og 2.10 í tillögu að starfsleyfi Ekki eru olíuskilju á geymslustöðum olíu í verksmiðjunni. Samkvæmt tillögu að starfsleyfi skal frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni leitt í olíuskilju. Auk þess skal fráveita þar sem að unnið er með olíu vera lokað eftir því sem kostur er.
16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda (Grein 4.6 í tillögu að starfsleyfi). Ábyrgðartrygging lá ekki fyrir þegar eftirlitið fór fram en samkvæmt tillögu að starfsleyfi skal rekstraraðili taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR.

#### ATHUGASEMDIR

Tilkynnt var munnlega að rekstur væri þegar hafinn á opnum kynningarfundi um starfsleyfistillögu GMR 4. september sl. Umhverfisstofnun óskar eftir að tilkynningar séu framvegis gerðar skriflega (í tölvupósti).

Reykjavík, 28.11.2013



Halla Einarsdóttir

**1** Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.